


KALDRANANESHREPPUR



4902

Drangsneshöfn

Áætlun um móttöku og meðhöndlun úrgangs og framleifa

Janúar 2019



Efnisyfirlit

1.	UPPLÝSINGAR UM HÖFN OG STARFSEMI.....	3
1.1	STARFSEMI HAFNARINNAR.....	4
2	MÓTTAKA OG RÁÐSTÖFUN ÚRGANGS.....	4
2.1	AÐSTAÐADA FYRIR MÓTTÖKU Á ÚRGANGI.....	4
2.2	SKRÁNINGAR.....	5
2.3	GJALDTAKA.....	5
2.4	UPPLÝSINGAR TIL NOTENDA.....	5
2.5	SAMRÁÐ VIÐ NOTENDUR OG ÁBENDINGAR NOTENDA.....	6
2.5.1	Tilkynningar.....	6
2.6	ÚRVINNSLA OG ÁBYRGÐ.....	6
2.7	ENDURSKODUN.....	6
2.8	LÖG OG REGLUGERÐIR.....	7
3	UPPLÝSINGAR FYRIR NOTENDUR HAFNAR.....	8
	STAÐFESTING Á MÓTTÖKU ÚRGANGS.....	9
	CONFIRMATION OF ACCEPTANCE OF WASTE.....	10

I. UPPLÝSINGAR UM HÖFN OG STARFSEMI

Dagsetning áætlunar: 01.01.2019

Nafn hafnar og rekstaraðili: Drangsneshöfn

Heimilisfang: Holtagata, 520 Drangsnes

Kennitala: 680169-0719


Tengiliður: Hafnarvörður

Sími: 863-9964

Tölvupóstur:

Kort á mynd 1 sýnir yfirlit yfir Drangsneshöfn og mynd 2 sýnir yfirlit yfir Kokkálsvík.

Móttaka á almennum úrgangi í höfninni er merkt með gulum punktum, flokkuðum úrgangi með bláum punkti og móttaka á úrgangsolíu með rauðum punkti.



Mynd 1 *Drangsneshöfn / Drangsnes og staðsetning úrgangsmóttöku í höfninni.*

Mynd 2 *Drangsneshöfn / Kokkálsvík og staðsetning úrgangsmóttöku í höfninni.*

Áætlun um móttöku og meðhöndlun úrgangs í Drangsneshöfn er sett fram í samræmi við kröfur í lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda og reglugerð nr. 1200/2014 um móttöku á úrgangi og farmleifum frá skipum. Áætluninni er ætlað að tryggja að móttaka á úrgangi í Drangsneshöfn sé fullnægjandi og í góðri sátt við alla notendur hafnarinnar og að úrgangur berist til viðurkenndrar móttökustöðvar og hann meðhöndlaður á viðeigandi hátt.

Skv. reglugerð nr. 1200/2014 eru erlend herskip, hjálparskip í flota eða önnur skip í ríkiseign eða ríkisrekstri sem um stundarsakir eru nýtt í þágu hins opinbera til annars en viðskipta eru undanþegin þeim kröfum sem reglugerðin setur.



1.1 STARFSEMI HAFNARINNAR

Starfsemin í Drangsneshöfn hefur lítið breyst undanfarin ár og þjónar höfnin eingöngu fiskiskipum, minni bátum og ferðamannabát sem siglir með ferðamenn í og kringum Grímsey yfir sumarmánuðina.

Tvær megin bryggjur tilheyra Drangsneshöfninni. +

Drangsnesbryggja er á Drangsnesi, hún er steypt löndunarbryggja á móts við Aðalbraut 30, Drangsnesi, óvarin fyrir úthafsöldu. Á bryggjunni er löndunarkrani og bæði heitt og kalt vatn. Bátar sem nýta aðstöðuna eru að jafnaði 13-14 talsins og þar af er einn 60 tonna bátur en hinir eru minni dagróðrafiskibátar.

Kokkálsvíkurhöfn – viðlegukantur og flotbryggja í landi Gautshamars í Kaldrananeshreppi. Þar er pláss fyrir ca. 10-14 báta við flotbryggju og ca. 5 við viðlegukantinn. Þarna eru að jafnaði einn 60 tonna dragnótabátur, 13 plastfiskibátar og 2 minni plast fiski/skemmtibátar og þá hefur björgunarbátur Björgunarsveitarinnar Bjargar pláss við flotbryggjuna.

Það eru að mestu leyti sömu aðilar sem nýta sér þjónustu hafnarinnar og þekkja þeir því jafnan vel fyrirkomulag á móttöku úrgangs. Þegar ný skip koma til hafnarinnar leiðbeina hafnarverðir um fyrirkomulag móttökunnar.

2 MÓTTAKA OG RÁÐSTÖFUN ÚRGANGS

2.1 AÐSTAÐA FYRIR MÓTTÖKU Á ÚRGANGI

Aðstaða fyrir móttöku á úrgangi í Drangsneshöfn hefur verið sett upp til að vera fullnægjandi fyrir notkun hafnarinnar hverju sinni og byggist mat á þörfinni á reynslu undangenginna ára. Því er þjónustustig aukið á sumrin þegar umferð báta eykst. Á sama hátt er brugðist við með auknu framboði ef aukið magn berst eða með því að útvega ílát ef tilfallandi úrgangsflokkar berast.

Meginuppistaða úrgangs er óflokkaður almennur úrgangur af skipum og bátum. Engin sérstök formeðhöndlun á úrgangi er í höfninni. Sorpsamlag Strandasýslu þjónustar þau kör sem eru á hafnarsvæðinu og kemur úrgangi í viðeigandi farveg. Tankur fyrir olíuúrgang er staðsettur í Kokkálsvík og er hann á vegum N1.

Tafla 2-1 Yfirlit yfir úrgangsflokkar og staðsetningu á móttöku í drangsneshöfnum. Staðsetning ílátanna miðast við það rými sem er til staðar.

Tafla 2-1. Úrgangsflokkar, staðsetning móttöku og magntölur (20175) í Bolungarvíkurhöfn.

Tegund	Staðsetning og hirðing	Magn - 2017
Almennur óflokkaður úrgangur	Drangsneshöfn: 10 rúmm. Gámur. Kokkálsvíkurhöfn: 10 rúmm. Gámur.	6.000 kg
Flokkaður úrgangur fyrir dagblöð og tímarit, pappír, pappa, málma, fernur og plastumbúðir	Flokkunarstöð: Gámastöð frá Sorpsamlagi Strandasýslu á Drangsnesi: Fimm 1.5 m ³ pokar í gám með hurðum.	3.5 m ³

Spilliefni	Móttaka spilliefna er hjá hafnarverði. Skilað merktu í sérferð í gámastöð Drangsnesi við Flokkunarstöð	1 m ³
Olíuúrgangur	Kokkálsvíkurhöfn: 1.000 lítra tankur fyrir úrgangsolíu (tankur á vegum N1)	1.5 m ³
Veiðarfæraúrgangur	Engin föst staðsetning. Sérferð á gámastöð	1.400 kg
Skólp	þjónustuaðili kallaður til eftir þörfum.	0
Allur annar úrgangur, t.d timbur	Berist annar úrgangur til hafnarinnar er brugðist við því hverju sinni og ílát útveguð eða úrgangi safnað og sóttur sérstaklega af starfsmönnum Sorpsamlagi Strandasýslu.	15 m ³

Gerð er grein fyrir skráningu og gjaldtöku í köflum 2.1 og 2.2.

Það hefur sýnt sig að ofangreint skipulag á móttöku sorps og öðrum úrgangi frá bátum er fullnægjandi. Brugðist er við á viðeigandi hátt ef aðstæður kalla á slíkar aðgerðir. Engin meðhöndlun á úrgangi fer fram við höfnina og er hann fluttur burt eins og hann kemur frá skipi á viðeigandi úrgangsmóttökustað.

2.2 SKRÁNINGAR

Sérstök skráning fer fram á magni úrgangs sem berst til hafnarinnar og hefst slík skráning 1.1.2019. Skráning á magni hvers úrgangsflokks sbr. töflu 2-1. Við móttöku á úrgangi og farmleifum er gefin út staðfesting á móttökum, þar sem skráð er magn úrgangs (í m³) í hverjum flokki. Sorp sem fellur til frá bátum er vigt að í vigt sem innbyggð er á sorp bifreið Sorpsamlags Strandasýslu og á hafnarvög, þar sem þyngd þess er skráð. Upplýsingar um heildarmagn úrgangs sem tekið er á móti í aðstöðu hafnarinnar fást frá þjónustuaðila.

Magntölur í töflu 2-1 eru tölur ársins 2017, uppgefnar af Sorpsamlagi Strandasýslu.

2.3 GJALDTAKA

Kostnaður vegna móttöku og ráðstöfunar á úrgangi er innheimtur með hafnargjöldum, skv. . gjaldskrár Drangsneshafnar, með vísan til 2. gr. gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Kaldrananeshreppi.

2.4 UPPLÝSINGAR TIL NOTENDA

Hafnarvörður sér um að leiðbeina um fyrirkomulag á móttöku úrgangs, staðsetningu íláta og flokkun í höfninni þegar þeir taka á móti skipum. Unnið verður að úrbótum á merkingum íláta í höfninni til að auðvelda notkun þeirra og tryggja rétta flokkun.



2.5 SAMRÁÐ VIÐ NOTENDUR OG ÁBENDINGAR NOTENDA

Eins fram kemur í kafla 2.0 byggist mat á þörf fyrir móttöku á úrgangi á reynslu undangenginna ára. Markmið Drangsneshafnar er að stuðla að aukinni flokkun úrgangs í höfninni í góðri samvinnu við notendur hafnarinnar og þjónustuaðila.

Ef skipstjóri, eigandi eða umboðsmaður skips eða aðrir notendur hafnarinnar vilja koma á framsfæri ábendingum um hvað betur má fara eða bera fram kvartanir vegna þjónustu hafnarinnar, s.s. vegna ófullnægjandi móttökuaðstöðu fyrir úrgang, skal viðkomandi snúa sér til hafnarstjóra. Einnig getur viðkomandi sent inn skriflegt erindi eða kvörtun til sveitarstjórnar á netfangið Brugðist verður við ábendingum og kvörtunum eins fljótt og kostur er.

Telji viðkomandi umkvörtunarefnið vera þess eðlis að vekja þurfi athygli umhverfisfirvalda á því, ber honum að senda athugasemd til Umhverfisstofnunar. Ábendingum um ófullnægjandi móttökuaðstöðu í höfnum má koma á framsfæri við Umhverfisstofnun með því að fylla út þar til gert eyðublað á heimasíðu stofnunarinnar:

<http://ust.is/atvinnulif/haf-og-vatn/mengun-fra-skipum/#Tab4>

Eyðublaðið er einnig að finna á enskri útgáfu á heimasíðunnar:

2.5.1 Tilkynningar

Æskilegt er að skipstjórar stærri báta tilkynni með amk. 24 klst. fyrirvara sé óskað eftir að losa úrgang í umtalsverðu magni eða aðra flokka en þá sem boðið er upp á að staðaldri í höfninni svo sem skólp svo bregðast megi við í tíma og veita fullnægjandi móttöku og þar með lágmarka hættu á töfum við afgreiðslu skipa.

2.6 ÚRVINNSLA OG ÁBYRGÐ

Ábyrgð á framkvæmd áætlunarinnar og skráning á úrgangi er í höndum hafnarstjóra.

Hafnarstjóri mun sjá um að halda utan um og skrá magn úrgangs og gefa út móttökukvittanir ef eftir því er óskað í samstarfi við Sorpsamlag Strandasýslu.

Upplýsingar heildarmagn úrgangs eftir flokkum fást hjá þjónustuaðila.

2.7 ENDURSKOÐUN

Endurskoða skal þessa áætlun á þriggja ára fresti og er þessi útgáfa fyrsta endurskoðaða útgáfa áætlunarinnar. Næsta endurskoðun er haustið 2021 eða fyrr ef umtalsverðar breytingar verða í rekstri hafnarinnar.

2.8 LÖG OG REGLUGERÐIR

Þessi áætlun er sett fram og uppfyllir kröfur eftirfarandi laga og reglugerða:



Lög: 55/2003 um meðhöndlun úrgangs
33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda

Reglugerðir: 806/1999 um spilliefni, með síðari breytingum
737/2003 um meðhöndlun úrgangs, með síðari breytingum
586/2017 um varnir gegn sorpmengun frá skipum
809/1999 um olíuúrgang, með síðari breytingum.
1200/2014 um móttöku á úrgangi og farmleifum frá skipum.
1201/2014 um gjaldtöku í höfnum vegna losunar, móttöku, meðhöndlunar og förgunar úrganga og farmleifa frá skipum.

3 UPPLÝSINGAR FYRIR NOTENDUR HAFNAR

Sé óskað eftir að losa úrgang hjá höfninni skal hafa samband við hafnarstjóra í síma og/eða tölvupósti.

Sími: 451-3277

GSM: 8639964

Tölvupóstur:

Hafnarstjóri veitir allar upplýsingar og leiðbeiningar um fyrirkomulag á móttöku á úrgangi í höfninni og sjá um samskipti við þjónustuaðila, t.d. fyrir móttöku á skólpi.

Tilkynna skal sem fyrst ef skip er með úrgang í umtalsverðu magni eða aðra úrgangsflokka en þá sem boðið er upp á að staðaldri í höfninni, s.s. skólp, svo hægt sé kalla til þjónustuaðila og útvega fullnægjandi þjónustu. Hafnarstjóri skráir losun og gefa móttökukvittun ef óskað er.

Ganga skal snyrtilega og tryggilega frá öllum úrgangi. Úrgangur skal vera flokkaður, merktur og haldið aðgreindum. Hafnarstjóri veitir leiðbeiningar um flokkun í flokkunarílát.


Flokkunarleiðbeiningar á prenti er hægt að fá hjá Sorpsamlagi Strandasýslu. Öllum spilliefnum skal haldið sérstaklega til hliðar og skila til hafnarvarða.

Gjald fyrir sorpmóttöku í er að finna undir:

Ábendingum og kvörtunum varðandi móttöku úrgangs skal koma til hafnarstjóra eða sveitarstjórn.

Staðsetningu á móttöku úrgangs má sjá á neðangreindri mynd.

Kort á mynd 1 sýnir yfirlit yfir Drangsneshöfn og mynd 2 sýnir yfirlit yfir Kokkálsvík. Móttaka á almennum úrgangi í höfninni er merkt með gulum punktum, flokkuðum úrgangi með bláum punkti og móttaka á úrgangsolíu með rauðum punkti.



Mynd 1 *Drangsneshöfn / Drangsnes og staðsetning úrgangsmóttöku í höfninni.*

Mynd 2 *Drangsneshöfn / Kokkálsvík og staðsetning úrgangsmóttöku í höfninni.*



STAÐFESTING Á MÓTTÖKU ÚRGANGS

Nafn, kallmerki og IMO auðkennisnúmer skips: _____

Fánaðíki: _____

Skipsstjóri: _____

Tegund og magn úrgangs. (Mælt eða metið)

Tegund	Magn [m^3]

Staðfesting á móttöku úrgangs og flutningi til viðeigandi meðhöndlunar

Staðfesting móttökuaðila_____

Dagsetning: _____

Drangsneshöfn

Holtagata

520 Drangsnes

Frumrit fyrir skipstjóra/Afrit til Drangsneshafnar



CONFIRMATION OF ACCEPTANCE OF WASTE

Name, call sign and IMO identification number of ship: _____

Flag State: _____

Master/CE: _____

Type and amount of waste. (Measured or estimated)

Type	Amount [m ³]

Confirmation of reception of waste and it's proper treatment

Confirmation signature _____

Date: _____

Drangsnes Höfn

Holtagata

520 Drangsnes

Iceland

Original fyrir Master/CE/copy Drangsnes Höfn